

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Lónshverfis, lóð nr. 3 við Skipalón.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 21. maí 2019 breytingu á deiliskipulagi Lónshverfis við Hvaleyrarbraut, vegna lóðarinnar að Skipalóni 3. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóðinni verður skipt upp í tvær lóðir, annars vegar lóð fyrir íbúðahúsnæði, hins vegar lóð sem verður nýtt sem opið grænt svæði. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 3. apríl til 13. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar, lóðir nr. 16–20 við Óseyrarbraut.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 21. maí 2019 breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar, vegna lóðanna nr. 16–20 við Óseyrarbraut. Breytingin felst í að lóðirnar Óseyrarbraut 16 og 20 sameinist í Óseyrarbraut 16 og kvöð á milli lóðanna verði felld niður. Byggingarreitir lóðanna sameinist í einn og verði stærrí en þeir sem fyrir eru. Innkeyrslum á lóðina verði fjölgað og hliðrað. Sameiginleg aðkoma að lóðum 18 og 20 verði felld niður og aðkoma að lóð nr. 18 færð. Ný lóð fyrir spennistöð verði skilgreind og verði nr. 20a. Mesta hæð bygginga verði 22 m og nýtingarhlutfall verði 0,3. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 2. apríl til 12. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar, lóðir nr. 11 og 13 við Flatahraun.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 21. maí 2019 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar, vegna breyttrar aðkomu á lóðunum við Flatahraun 11 og 13. Breytingin felur í sér hliðrun á innkeyrslu að Flatahrauni 13, inn- og útkeyrslu að Flatahrauni 11 verði breytt og aksturstefnu snúið við, bættar gönguleiðir við báðar lóðirnar, ásamt bættu umferðaröryggi og umferðarflæði á Flatahrauni. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 2. apríl til 12. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga, lóðirnar Koparhella 5 og Silfurhella 5.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 21. maí 2019 breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga, vegna lóðanna að Koparhelli 5 og Silfurhelli 5. Breytingin felst í að lóðunum Koparhelli 5 og Silfurhelli 5 verði skipt í 3 lóðir, þ.e. Koparhelli 5 og Silfurhelli 3 og 5. Byggingarreitir verði jafnframt stækkaðir. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 2. apríl til 12. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. júní 2019.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir arkitekt.